



**Erindi til innkaupa- og framkvæmdaráðs**

**Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið, f.h. velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs**

**Efni: Samkeppnisviðræður nr. 14944 - Kitchen Management System for the City of Reykjavík (Eldhúsumsjónarkerfi)**

Tilboð í ofangreindum samkeppnisviðræðum voru opnuð á skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar þann 3. maí 2024. Tvö tilboð bárust:

1. Mathilda
2. Origo

Forsendur fyrir vali tilboða voru eftirfarandi sbr. kafla 0.8 útboðslýsingar:

Selection Criteria		Validity
Price		35 points
Quality 1	User-friendliness	45 points
Quality 2	Assessment requirements (B)	20 points
<b>Total</b>		<b>100 points</b>

Gæðamat og samkeppnisviðræður fóru fram á tímabilinu 6.- 20. mars 2024. Í kjölfarið var bjóðendum boðið að skila inn endurbættum tilboðum. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar opnuðu endurbætt tilboð þann 3. maí 2024.

Kaupandi hefur farið yfir endurbætt tilboð bjóðenda vegna útboðs nr. 14944. Samkvæmt kafla 0.8.1 skal tilboði sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur hafnað:

„If the buyer considers that the fulfilment is unsatisfactory, the relevant tender shall be rejected.”.

Að mati kaupanda uppfyllir hvorki upprunalegt né endurbætt tilboð Origo lágmarkskröfur (e. minimum requirements) útboðslýsingar. Hefur kaupandi því ákveðið að hafna tilboði Origo.

Þar sem einn bjóðandi stendur eftir þá ákveður kaupandi að framkvæma ekki notendaprófanir, sjá kafla 0.1.4:

„If the points for user testing will not affect the ranking of tenderers according to the criteria for tender selection, the buyer reserves the right to not perform the user testing but instead accept the most economically



Reykjavíkurborg

advantageous tender based on price and fulfilment of assessment requirements“.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið tilboð Matilda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfestir að Matilda uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið tilboð Matilda og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Kaupandi leggur til að gengið verði að tilboði Matilda að fjárhæð 616.400 EUR (92.644.920 kr) án vsk, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða. Samningstími er 7 ár með heimild til þess að framlengja samning tvisvar sinnum um 18 mánuði í senn.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

verkefnastjóri hjá Stafrænni Reykjavík

Hjálagt: Opnunarfundargerð



Árið 2024, þann 3. maí kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði nr. 14944 „Kitchen Management System for the City of Reykjavik" fyrir Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar.  
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Vignir Már Sigurjónsson.

Á tilboðsfresti var sendur út einn viðauki.

Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum

Nafn bjóðanda	Gjaldmiðill	Tilboðsfjárhæð	Gengi	Heildartilboðsverð
1 Matilda Foodtech AB	EUR	616.400	150,30	92.644.920,00
2 Origo hf.		Ógilt tilboð		
Kostnaðaráætlun*		74.836.655		
*Uppfærð 13. maí 2024				
Fleiri tilboð bárust ekki.				